



Sumarhúsið er oft á tíðum annað heimili fjölskyldunnar og mikilvægt að huga vel að öryggismálum þar. Gjarnan er gestkvæmt og ekki víst að gestirnir þekki vel til aðstæðna. Gott er að skoða sumarhúsið með gátlistann í hönd og athuga hvort einhverju sé ábótavant. Á vis.is er að finna nánari upplýsingar um öryggi sumarhúsa og um öryggi barna sem einnig þarf að tryggja vel í bústaðnum.

Utandyra

- Er reglulegt eftirlit með húsinu utandyra eins og að bera á við og fylgjast með ástandi þaks? Já Nei
- Eru þéttingar á gluggum í lagi og lagfærðar ef þörf krefur? Já Nei
- Eru þakrennur hreinsaðar árlega og oftár ef þörf krefur? Já Nei
- Er útilýsing með hreyfiskynjurum? Já Nei
- Er þess gætt að engar misfellur séu í gangvegi, til dæmis á sólpalli? Já Nei
- Er handrið á sólpalli a.m.k. 1 m á hæð þar sem fallhætta er fram af palli? Já Nei
- Eru leiktæki örugg? Já Nei
- Er sumarhúsið með öryggisnúmer? Já Nei

Innandyra

Stofa, herbergi og opin rými

- Er reykháfur hreinsaður eftir þörfum? (Ef notað á hverjum degi þá þarf að hreinsa árlega) Já Nei
- Er eldstæði í samræmi við byggingareglugerð m.a. með tilliti til frágangs á gólfefnum og veggklæðningu? Já Nei
- Er kolsýrlingsskynjari í lofti ef rými er hitað upp með opnum eldi? Já Nei
- Eru skápar festir við vegg? Já Nei
- Eru bönd rimla- og rúllugardína vafin upp en ekki látin hanga niður? Já Nei
- Er öryggisbrík á efri koju 13 sm upp fyrir dýnuna? Já Nei
- Eru pumpur á útihurðum? Já Nei

Baðherbergi

- Eru veggir, fúgur og þéttingar kringum bað og sturtu vatnspétt? Já Nei
- Eru gólfniðurföll hreinsuð einu sinni til tvisvar á ári? Já Nei
- Eru niðurföll í vöskum, baði og sturtu hrein? Já Nei
- Eru tengingar við frárennsli baðs, sturtu og vasks yfirfarin a.m.k. einu sinni á ári? Já Nei
- Eru hitastýrð blöndunartæki í sturtu og baðkeri? Já Nei

Eldhús

- Eru oddhvassir hlutir eins og skæri og hnífar geymdir þar sem börn ná ekki í þá? Já Nei
- Eru hreinsiefni geymd þar sem börn ná ekki í þau? Já Nei
- Er þess gætt að snúrur rafmagnstækja lafi ekki fram af borði? Já Nei
- Er þess gætt að fara ekki frá eldavélinni á meðan verið er að elda? Já Nei
- Eru innri hellur á eldavél notaðar þegar þess er kostur til að draga úr líkum á að fólk brenni sig? Já Nei
- Er eldavélin örugg gagnvart börnum, hitnar t.d. hurð bakaraofns, er auðvelt að opna hana eða kveikja á eldavélinni? Já Nei

Þvottavél og uppþvottavél

- Er slanga að og frá þvotta- og uppþvottavél tryggilega fest og samskeyti þétt? Já Nei
- Er þvottavélin stöðug? Já Nei
- Er frárennslið ofan við miðja hæð þvotta- og uppþvottavélarinnar? Já Nei
- Er skrúfað fyrir vatn þegar vélar eru ekki í notkun? Já Nei

Lýsing og rafmagn

- Er lekastraumsrofi virkur og prófaður árlega? Já Nei
- Er styrkleiki pera ekki meiri en það sem perustæði er gefið upp fyrir? Já Nei
- Er þess gætt að fjöltengi séu ekki tengd saman? Já Nei
- Er þess gætt að snúrur liggi ekki í gönguleið? Já Nei
- Er þess gætt að leggja ekki fatnað yfir rafmagnsöfn? Já Nei

Stigar

- Er lýsing í stiga góð? Já Nei
- Er handrið við stiga? Já Nei
- Eru þrep stöm? Já Nei
- Er öryggishlið eða hleri við stigaop uppi og öryggishlið niðri ef lítil börn eru á staðnum? Já Nei

Eldvarnir

- Eru eldfæri geymd þar sem börn ná ekki til þeirra? Já Nei
- Er reykskynjari á öllum hæðum og í öllum herbergjum? Já Nei
- Er skipt um rafhlöðu í reykskynjurum einu sinni á ári? Já Nei
- Er gasskynjari í eldhúsi ef gas er notað við eldamennsku? Já Nei
- Eru lagnir milli gaskúts og eldavélar skoðaðar árlega? Já Nei
- Er eldvarnarteppi á aðgengilegum stað? Já Nei
- Er slökkvitæki yfirfarið og á aðgengilegum stað við útgöngu? Já Nei
- Eru tvær greiðar flóttaleiðir af efri hæð? Já Nei
- Er ávallt slökkt á kertum áður en viðkomandi rými er yfirgefið? Já Nei
- Er slökkt á sjónvarpinu sjálfu en ekki bara með fjarstýringunni eða straumur rofinn að því? Já Nei

Grillið

- Er þess gætt að grillið sé ekki of nálægt glugga og vegg? Já Nei
- Er gaskúturinn látinn standa uppréttur við hlið grillsins eða í þar til gerðum skáp undir því? Já Nei
- Er þess gætt að hafa grillið opið þegar kveikt er upp í því? Já Nei
- Er þess gætt að kveikja upp í grillinu um leið og skrúfað hefur verið frá gasinu? Já Nei
- Er skrúfað fyrir gaskútin þegar búið er að grilla? Já Nei

Sumarhús á jarðskjálftasvæði

- Eru hillur og skápar festar við vegg? Já Nei
- Eru myndir hengdar upp með krókum? Já Nei
- Eru barnalæsingar á skápum þar sem brothættir hlutir eru geymdir? Já Nei
- Er þess gætt að hafa rúm ekki undir gluggum? Já Nei
- Er þess gætt að hafa ekki þunga hluti ofarlega í hillum? Já Nei

Heitir pottar

- Eru hitastýrð blöndunartæki notuð? Já Nei
- Er hitastig vatnsins alltaf athugað áður en farið er ofan í? Já Nei
- Eru ósynd börn ávallt með armkúta? Já Nei
- Eru börn alltaf undir eftirliti? Já Nei
- Er lok sett yfir pottinn að notkun lokinni? Já Nei
- Er tryggt að ekkert vatn sé í leiðslum rafmagns- eða nuddpotta þegar/ef þeir eru tæmdir á veturna? Já Nei

Undirbúningur fyrir veturinn

- Er gengið frá öllum lausamunum utandyra inn í geymslu eða þeir fergðir niður? Já Nei
- Eru vatnslagnir tæmdar og frostlögur settur í vatnslása og klósett ef bústaður er óupphitaður? Já Nei
- Eru sjálfvirk skilaboð send til húsráðanda ef verður rafmagns- eða heitavatnslaut? Já Nei

Við brottför

- Er skrúfað fyrir neysluvatn og lagnir tæmdar? Já Nei
- Eru raftæki tekin úr sambandi? Já Nei
- Er gengið frá verðmætum eins og sláttuvél og grilli í læsta geymslu? Já Nei
- Er gluggum lokað og þeir kræktir aftur? Já Nei
- Er útidyrhurðum læst? Já Nei
- Er þess gætt að verðmæti sjáist ekki utanfrá? Já Nei
- Er öryggiskerfi sett á? Já Nei
- Er hlið að bústaðnum lokað? Já Nei
- Er búið að ræða við nágretta til að virkja nágrennavörslu? Já Nei